

Reykjavík, 24. október 2011

Fjárlaganefnd
Alþingi Íslands
150 Reykjavík

**Efni: Fjárlagafrumvarp 2012, fjárveitingar vegna starfsemi vinnustaða fatlaðra -
Blindravinnustofu, Múlalundar og Vinnustaða ÖBÍ.**

Undirritaðir vilja benda á afleiðingar þess ef fjárveitingar þær sem lagðar eru til í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 fyrir fyrrnefnda vinnustaði verða samþykktar.

Samkvæmt lögum bera opinberir aðilar ábyrgð á að tryggja fötluðum atvinnu eða aðgengi að atvinnutengdum úrræðum. Í næstum tvo áratugi hafa Blindravinnustofa, Múlalundur og Vinnustaðir ÖBÍ borið ábyrgð á framkvæmd hluta þeirra úrræða í gegnum þjónustusamninga við félagsmálaráðuneytið og síðar Vinnumálastofnun.

Greiðslum samkvæmt samningunum var ætlað að standa undir kostnaði við þjálfun og skerðingu vinnugetu starfsmanna, og var framlag vegna þjónustunnar tengt launakostnaði. Undanfarið hafa staðið yfir viðræður um endurnýjun þjónustusamninga við Vinnumálastofnun, en fyrri samningar runnu út fyrir nokkrum árum. Viðræðurnar hafa gengið vel og ríkir ágætur skilningur milli aðila um flesta þætti málsins.

Eitt af því sem bent var á í þessum umræðum, og sett í bréf til Vinnumálastofnunar dags. 4. ágúst 2011, er að vegna áherslna á hækkun lægstu launa í kjarasamningum undanfarinna ára er nú orðinn 35% mismunur á samningsgreiðslum og þess kostnaðar sem þær eiga að standa undir samkvæmt upprunalegum samningum sem gerðir voru 1998 og 1999.

Vegna þessa hafa vinnustaðirnir lagt áherslu á hækkun greiðslu samkvæmt þjónustusamningnum. Nýlega kom hins vegar í ljós að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 er lagt til að fjárveitingar verði skertar frá næstu áramótum.

Í þessu samhengi viljum við benda á eftirfarandi:

1. Laun á vinnustöðunum hafa hækkað um 77% frá 2002 til 2010. Framlag ríkisins á sama tíma hefur aðeins hækkað um 58%.


2. Tekjur vinnustaðanna vegna þjónustusamningsins eru á bilinu 14-18% af heildartekjum, aðrar tekjur eru vegna sölu á framleiðsluvörum. Til viðmiðunar má benda á að vinnustaðir fatlaðra í nágrannalöndunum eru fjármagnaðir að meðaltali 80% frá opinberum aðilum og 20% með sölu á framleiðsluvörum.
3. Taprekstur hefur verið á vinnustöðunum undanfarin ár, og hef reynst erfitt í núverandi efnahagsumhverfi að bæta þar úr í gegnum framleiðsluna.
4. Ef greiðslur ríkisins vegna þjónustunnar haldast ekki í hendur við raunkostnað er spurning hversu lengi er hægt að halda starfsemi áfram. Ekki er eðlilegt að eigendafélögin (Blindrafélagið, SÍBS og ÖBÍ) leggi til fjármagn vegna taprekstrar.
5. Starfsmenn þessara vinnustaða eiga ekki greiða leið út á hinn almenna vinnumarkað. Ef vinnustaðirnir væru ekki til staðar mætti búast við auknum kostnaði fyrir opinbera aðila, í formi atvinnuleysisbóta, aukinnar þjónustu búsetuúrræða eins og sambýla og í heilbrigðiskerfinu.
6. Að auki viljum við benda á að fjárhagslegur ávinningur hins opinbera af starfsemi vinnustaðanna hefur aukist til muna á síðustu árum. Sem dæmi má nefna að einn vinnustaðanna greiddi árið 2002 23% meira til hins opinbera í formi staðgreiðslu, tryggingagjalds og virðisaukaskatts en nam framlagi ríkisins til staðarins. Árið 2010 voru greiðslur til hins opinbera orðnar 64% hærri en framlagið.

Í ljósi ofanritaðs óskum við eindregið eftir að framlög til Vinnumálastofnunar í fjárlagafrumvarpi ársins 2012 vegna þessara vinnustaða verði hækkuð sem nemur þeim 35% sem upp á vantar miðað við upprunalegar forsendur.


F.h. vinnustaðanna:



Blindravinnustofan



Múlalundur



Vinnustofa ÖBÍ

cc. Alþingismenn, velferðarráðherra, Vinnumálastofnun